

## **Fundargerð 142. fundar skólanefndar Menntaskólans í Reykjavík**

142. fundur skólanefndar haldinn á kennarastofu á 2. hæð í Casa Nova fimmtudaginn 27. mars 2012 kl. 12:15

Mætt: Ólafur Þ. Stephensen, rektor, Sveinn Andri Sveinsson, Dögg Proppé Hugosdóttir, Sigríður Laufey Jónsdóttir og Borgar Þór Einarsson.

### **1. Staðgengill fyrir rektor skólaárið 2012-2013**

Rektor gerði grein fyrir tillögu sinni eftir að hafa rætt við þá sem komu til greina. Tillaga rektors var að Linda Rós Michaelsdóttir, enskukennari, tæki við stöðu rektors næsta skólaár. Tillaga rektors var samþykkt samhljóða í nefndinni og mun formaður koma henni á framfæri við ráðuneytið til samþykktar.

### **2. Fundur með ráðuneyti um skólasamning.**

Rektor og formaður gerðu grein fyrir fundi sínum með menntamálaráðuneytinu um skólasamning. Ýmis mál bar á góma en veigamest var fjárhagsstaða skólans. Fram kom að ráðuneytið hefði í veigamiklum atriðum tekið undir athugasemdir skólans vegna úttektar Hins og þessa ehf á starfsemi skólans sem kynnt var í fyrra. Talsvert rætt um fjárhagsstöðu skólans og þröngar skorður sem honum eru settar og lýstu nefndarmenn þungum áhyggjum af stöðunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00

Ólafur Þ. Stephensen (sign)

Yngvi Pétursson (sign)

Sveinn Andri Sveinsson (sign)

Sigríður Laufey Jónsdóttir (sign)

Dögg Proppé Hugosdóttir (sign)

Borgar Þór Einarsson (sign)